

20. fundur Framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Austurvegi 56, Selfossi, 3. mars 2010 kl. 10:00

Mætt voru: Friðrik Pálsson, Hörður Sigurgestsson, Elvar K. Valsson og Þorgils Torfi Jónsson. Einnig mættu starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands á fundinn: Sædís Íva Elíasdóttir, Steingerður Hreinsdóttir og Hrafn Sævaldsson sem ritaði fundargerð.

Elliði Vignisson tók þátt í fundinum í gegn um fjarfundabúnað. Jóna Sigurbjartsdóttir boðaði forföll. Gestur fundarins var Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi hjá KPMG, sem var viðstaddur fundinn þegar fjallað var um lið 1.

Setning fundar. Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

1. Ársreikningur 2009

Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir drög að ársreikningi VSSV fyrir árið 2009. Framkvæmdaráð samþykkti ársreikninginn og undirritaði hann. Ársreikningurinn verður lagður fyrir stjórn samningsins til staðfestingar.

2. Verkefni VSSV – stöðuskýrsla

Steingerður kynnti stöðuskýrslu um öll þau verkefni sem VSSV hefur stutt á samningstímanum, umræður sköpuðust um verkefnin.

3. Ársskýrsla 2009

Starfsmenn APS kynntu drög að ársskýrslu VSSV fyrir árið 2009. Framkvæmdaráð lýsti ánægju sinni með skýrsluna og samþykkti drögin.

4. Nýr Vaxtarsamningur Suðurlands lagður fram til kynningar

Sædís Íva fór yfir og kynnti Vaxtarsamning Suðurlands 2010 – 2013, sem undirritaður var í febrúar 2010. Umræður sköpuðust um nýjan samning.

Fundargerð upplesin í lok fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:40

_____	Í fjarfundi	_____
Friðrik Pálsson	Elliði Vignisson	Hörður Sigurgestsson
_____	_____	_____
Elvar K. Valsson	Þorgils Torfi Jónsson	Sædís Íva Elíasdóttir
_____	_____	_____
Steingerður Hreinsdóttir	Hrafn Sævaldsson	